

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 319/2009 um inntökuskilyrði í grunnám við Háskóla Íslands.

1. gr.

Við 5. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Nemendur sem óska eftir að hefja grunnám í hagfræði skulu gangast undir inntökupróf samkvæmt nánari reglum þar að lútandi.

2. gr.

1. mgr. 11. gr. orðast svo:

Til að hefja nám við læknadeild skal stúdent hafa lokið stúdentsprófi eða sambærilegu prófi frá erlendum skóla. Nemendur sem lokið hafa prófi af frumgreinasviði Háskólans í Reykjavík (áður Tækniháskóla Íslands og Tækniskóla Íslands) eða frumgreinadeild Keilis (háskólabró) teljast uppfylla inntökuskilyrði deildarinnar, enda hafi viðkomandi stundað nám við verk- og raunvísindadeild háskólabrúar.

3. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð Háskóla Íslands hefur samþykkt, eru settar samkvæmt heimild í 18. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla. Reglurnar taka þegar gildi og verður þeim beitt við inntöku stúdenta frá og með háskólaárinu 2012-2013.

Háskóla Íslands, 13. febrúar 2012.

Kristín Ingólfssdóttir.

Þórður Kristinsson.